



# ÚTLENDINGASTOFNUN

Ársskýrsla 2010

## Inngangur

Þetta er þriðja ársskýrslan sem gerð er frá árinu 2005. Undirrituð ákvað að byrja á ársskýrslu vegna ársins 2008 og klára einnig ársskýrslur 2009 og 2010. Þegar tími gefst til verður farið í að gera stuttar ársskýrslur vegna áráanna 2005-2007. Ætla verður að skortur á gerð ársskýrslna vegna áráanna 2005-2007 hafi stafað af manneklu og þá verður að benda á að frá árinu 2008 til 1. júní 2010 var stofnuninni stýrt af settum forstjórum sem hver og einn var settur í stuttan tíma í hvert sinn. Vegna anna hjá þeim voru ársskýrslur ekki kláraðar og því skortir á að skýrslur fyrir 2010 hafi t.a.m. ávarp forstjóra eða ítarlega umfjöllun um innlent og erlent samstarf. Stofnunin hefur þó ávallt unnið tölfraði fyrir hvert ár sem hægt hefur verið að nálgast rafrænt.

Ársskýrsla Útlendingastofnunar er eingöngu birt með rafrænum hætti og verður aðgengileg ásamt fyrri ársskýrslum stofnunarinnar á [www.utl.is](http://www.utl.is). Ársskýrslan er sett fram til að gefa raunsanna mynd af starfsemi ársins 2010. Þannig er skýrslan ætluð sem tæki við stefnumótun stofnunarinnar. Markmiðið verður ávallt að efla þjónustu við viðskiptavinum og að þeir fái vandaða og faglega meðferð á erindum sínum.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra fer með yfirstjórn útlendingamála samkvæmt lögum nr. 96/2002 um útlendinga. Ráðuneytið setur þær reglur sem Útlendingastofnun starfar eftir og gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi, sbr. reglugerð nr. 53/2003 um útlendinga. Flestar ákvarðanir Útlendingastofnunar eru kæránlegar til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og um ákvarðanatöku stofnunarinnar gilda lög nr. 96/2002 um útlendinga og stjórnarsýslulög nr. 37/1993. Í næstu köflum skýrslunnar verður farið yfir fjárheimildir og rekstrargrundvöll stofnunarinnar og þá verður fjallað um fjölda umsókna á árinu og hvernig afgreiðslu þeirra var háttáð.

## Ávarp forstjóra

Undirrituð tók við starfi forstjóra Útlendingastofnunar hinn 1. júní 2010. Strax á fyrsta starfsdegi var ljóst að erfið verkefni væru fyrir höndum er snéru að rekstri og mannauði stofnunarinnar en þar ber fyrst að nefna aðskilnað umönnunarkostnaðar hælisleitenda frá rekstrarfjármagni Útlendingastofnunar, endurskoðun verklags og verkferla, samræmingar á afgreiðslu mála og aukinni samvinnu stofnunarinnar við lögreglu og ráðuneyti. Taka verður fram að síðustu tveir forstjórar stofnunarinnar höfðu lagt af stað með aðskilnað umönnunarkostnaðar hælisleitenda frá rekstrarfjármagni Útlendingastofnunar en erindi þeirra ekki hlotið verðskuldaðan hljómgrunn. Hinn 9. júní 2010 fundaði forstjóri með ráðherra málaflokksins og starfsmönnum hans. Á þeim fundi var ákveðið að skipa starfshóp sem falið væri það hlutverk að gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi vegna umönnunarkostnaðar hælisleitenda. Starfshópurinn var síðan skipaður hinn 12. október s.á. Skýrsla starfshópsins var afhent ráðherra hinn 20. desember 2010 þar sem meðal annars eftirfarandi tillögur voru gerðar:

*„Þó að erfitt sé að spá fyrir um fjölda hælisleitenda á Íslandi í náinni framtíð leggur vinnuhópurinn til grundvallar að ekki er hægt að gera ráð fyrir sérstakri fækkun hælisleitenda hér á landi. Reynslan hefur þvert á móti sýnt að fjöldi hælisleitenda sveiflast mjög á milli ára. Á árinu 2009 var heildarfjöldi hælisleitenda t.a.m. 37 en á árinu 2008 74. Mestur var fjöldi hælisleitenda árið 2002 eða 117. Fjöldi á þessu ári til 1. desember er 45, svo ljóst er að þeir verða fleiri í ár en 2009. Fjöldi hælisleitenda sem dvöldu á Fit árið 2009 hvern mánuð var misjafn, fæstir voru þeir 22 en flestir 32. Þó svo að nákvæm þarfagreining á vistunarrýmum liggi ekki fyrir telur vinnuhópurinn að gera verði ráð fyrir að stjórnvöld hafi aðstöðu fyrir 30-40 vistunarrými á mánuði, að fjölskyldurýmum meðtöldum. Vinnuhópurinn telur núverandi úrræði á vegum Reykjanesbæjar fullnægja þeirri þörf. Miðað við sambærilegan fjölda hælisleitenda og komið hefur til landsins s.l. ár telur vinnuhópurinn ekki ástæðu til að leggja til fleiri móttökuúrræði fyrir mismunandi hópa en nú eru fyrir hendi. Kostnaðarsamt er að setja upp vistunaraðstöðu og gæti það því reynst of dýrt miðað við núverandi aðstæður og forsendur. Breytist forsendur hins vegar, t.d. verði mikil aukning á hælisleitendum, er líklegt að endurskoða verði úrræðin.*

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að ýmsir kostir eru við núverandi fyrirkomulag við umönnun hælisleitenda. Hafa verður í huga að um sérhæft verkefni við móttöku og umönnun hælisleitenda er að ræða sem ekki á sér hliðstæðu annars staðar í kerfinu. Á grundvelli samnings við Reykjanesbæ hefur því gríðarlega mikilvæg reynsla safnast á hendur umönnunaraðila hjá tengiliðum hælisleitenda í félagsþjónustu Reykjanesbæjar á umliðnum árum, sem mikilsvert er að nýta áfram. Þá er Reykjanesbær afar hentugt sveitarfélag til móttöku við hælisleitendur m.a. vegna stærðar þess, nálægðar við Keflavíkurflugvöll og nálægðar við höfuðborgina.

Vinnuhópurinn leggur til grundvallar niðurstöðum sínum tvær mikilvægar forsendur:

1. Samkvæmt 9. gr. samnings Reykjanesbæjar og Útlendingastofnunar geta báðir aðilar krafist endurskoðunar á samningnum komi upp ófyrirsjáanlegar aðstæður. Vinnuhópurinn telur að þær aðstæður sem hafa skapast í Íslensku samfélagi og rekstri hins opinbera frá hruni efnahagskerfisins megi líta á sem ófyrirsjáanlegar.
2. Af heildarkostnaði sem fellur til ár hvert vegna umönnunar hælisleitenda er ljóst að sú þjónusta er útboðsskyld samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup. Á meðan í gildi er samningur um umönnun við Reykjanesbæ telur vinnuhópurinn hins vegar ekki skylt að bjóða umönnunarþjónustuna út.“



Þá segir í skýrslu vinnuhópsins:

*„Vinnuhópurinn leggur til að láta reyna á dreifingu ábyrgðar af kostnaði vegna umönnunar hælisleitenda eftir því sem unnt er og við á. Ýmis réttindi hér á landi eru bundin við lögheimilisráðuneytið, svo sem réttur til heilbrigðisþjónustu og menntunar. Hælisleitendur fá hins vegar eðli máls samkvæmt ekki skráð lögheimili hér á landi og eiga því ekki sömu réttindi og einstaklingar með skráð lögheimili í þjóðskrá. Þrátt fyrir að dómsmála- og mannréttindaráðuneytið beri ábyrgð á meðferð stjórnsýslumála hælisleitenda og fari með yfirumsjón málaflöksins eru alþjóðlegar skuldbindingar Íslenska ríkisins á þessu sviði, sem snúa að aðbúnaði hælisleitenda, ekki takmarkaðar við dómsmála- og mannréttindaráðuneytið eitt og sér heldur Íslenska ríkið í heild sinni. Vinnuhópurinn telur því rétt og sanngjarnt að þau ráðuneyti sem fara með málefnaþingvið sem viðkoma þjónustu við hælisleitendur, svo sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið vegna heilbrigðisþjónustu, og menntamálaráðuneytið vegna aðgangs fyrir börn að menntakerfinu, veiti þá þjónustu sem eðlileg og nauðsynleg er án nokkurs endurgjalds frá Útlendingastofnun. Á móti færu hlutfallslegar fjárveitingar vegna umönnunar hins vegar til þessara sömu ráðuneyta. Framlag þessara ráðuneyta gæti einnig falist í beitingu á undanþáguákvæðum þar sem þeim er til að dreifa, sbr. umfjöllun í kafla 4.1.*

*Ef ekki næst ásættanleg niðurstaða af endurskoðun gildandi samnings við Reykjanesbæ í ársbyrjun 2011 leggur vinnuhópurinn til að samningnum verði sagt upp og umönnunarþjónustan verði boðin út samkvæmt lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup.*

*Að lokum leggur vinnuhópurinn ríka áherslu á mikilvægi þess að umönnunarkostnaður hælisleitenda verði aðskilinn frá rekstri Útlendingastofnunar þ.e. annað hvort með sér fjárlagaviðfangi sem heyrir undir stofnunina eða að stofnaður verði sér fjárlagaliður vegna þessa, sem yrði þá á ábyrgð dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Vinnuhópurinn telur sérstaklega óæskilegt að breytilegur kostnaður vegna umönnunar hælisleitenda, sé að hafa áhrif á daglegan rekstur Útlendingastofnunar. Slíkt getur haft slæm fagleg áhrif á önnur dagleg störf stofnunarinnar.“*

Útlendingastofnun hefur miklar væntingar til þess að ráðherra dómsmála- og mannréttinda taki tillögur vinnuhópsins og stuðli að innleiðingu þeirra í byrjun árs 2011 svo hægt sé að hefja endurreisn þjónustustigs Útlendingastofnunar gagnvart viðskiptavinum og samstarfsaðilum og tryggja þá um leið öryggi starfsmanna og starfsumhverfi, en verulega hallar á að nægilega sé hlúið að starfsmönnum og þeim veittur sá stuðningur sem nauðsynlegt er að þeir fái í ljósi eðli starfa þeirra sem felst oft á tíðum í krefjandi mannlegum samskiptum og að taka erfiðar ákvarðanir um réttindi einstaklinga.


Hafin var undirbúningur að gerð ársskýrsla vegna áraanna 2008-2009, verkferlar voru settir í endurskoðun og lokið var samræmingu útsendra skjala er varða ákvarðanir í einstökum málum. Þá var sett á það verklag að ákvarðanir um synjun leyfa eru yfirfarnar af forstöðumanni viðkomandi sviðs og forstjóra til að tryggja að ákvarðanir verði ávallt teknar á grundvelli gildandi laga og réttar. Hafin var undirbúningur að endurskoðun heimasíðu stofnunarinnar og vinna hófst við endurskipulagningu innviða stofnunarinnar (skipurit). Forstjóri fór síðan á haustmánuðum ásamt fulltrúa dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins í þriggja daga námsvist til norsku útlendingastofnunarinnar, til að kynna sér rekstrarumhverfi, lagaumhverfi og starfsumhverfi

þeirrar stofnunar, í von um að geta nýtt þekkingu Norðmanna og bætt þannig þjónustu Útlendingastofnunar um leið og fjárhagur vænkast.

Engum dylst að Útlendingastofnun hefur á tíðum verið umfjöllunarefni einstaklinga, blaðamanna, bloggara og annarra sem telja sig hafa verið órétti beittir. Í mörgum málum hefur stofnunin saknað þess að ekki hefur verið leitað álits hjá henni og oft á tíðum hafa fréttir verið ónákvæmar eða mjög misvísandi. Það er stefna stofnunarinnar að eiga góð samskipti við fjölmiðla og almenning og upplýsa eins og frekast er unnt hver staða mála er hverju sinni. Í ljósi þess var hafin vinna við gerð nýrrar heimasíðu sem nú þegar býður upp á aukið magn upplýsinga og betri leiðbeiningar til viðskiptavina um gagnakröfur og umsóknarferli dvalarleyfa. Þá var hafin gerð ársskýrslna en þær eru nauðsynlegt tæki fyrir stjórnanda og aðra til að fá yfirsýn yfir umfang verkefna, það sem vel er gert og hvað betur má fara. Heimasíðan var tekin í notkun í nóvember 2010 en vinna við gerð hennar verður ótímabundin þar sem ábendingar viðskiptamanna og annarra kalla á breytingar auk þess sem lagabreytingar og áherslubreytingar stjórnvalda kalla á endurbætur og uppfærslur.

Vekja verður sérstaka athygli á þeirri hnignum sem átt hefur sér stað í rekstrarumhverfi Útlendingastofnunar og kemur skýrlega fram í rekstrarköflum ársskýrslna 2008-2010. Fyrirgreind þróun sem ekki virðist ætla að taka enda hefur leitt til þess að þjónusta og afköst stofnunarinnar eru verulega skert og bitnar það bæði á viðskiptavinum og starfsmönnum. Þessari þróun er nauðsynlegt að snúa við, svo hægt verði að veita góða og hraða þjónustu til samræmis við það sem aðrar þjónustustofnanir á Íslandi veita, eigi stofnunin að standa undir þeim krefjandi verkefnum sem hún ber ábyrgð á og Alþingi hefur ákveðið að stofnunin sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 2012



Kristín Völundardóttir, forstjóri



# EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	2
<b>I. YFIRLIT YFIR STARFSEMI ÁRSINS 2010.....</b>	<b>7</b>
ALMENNT .....	7
ÞJÓNUSTA .....	7
SAMSTARF .....	7
REKSTUR .....	7
KJARNASTARFSEMI .....	9
<b>1. DVALARLEYFI .....</b>	<b>9</b>
1.1. Móttaka og veiting dvalarleyfis .....	9
1.2. Helstu flokkar dvalarleyfa .....	9
1.3. Synjun dvalarleyfis .....	12
1.4. Afturköllun dvalarleyfis .....	14
1.5. Lagabreytingar .....	16
<b>2. HÆLI .....</b>	<b>17</b>
2.1. Fjöldi umsókna um hæli og umsóknir í vinnslu.....	17
2.2. Upprunaríki hælisleitenda .....	18
2.3. Niðurstöður mála í vinnslu árið 2010.....	19
2.4. Kærur til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.....	20
2.5. Lagabreytingar .....	20
<b>3. FRÁVÍSANIR OG BROTTVÍSANIR.....</b>	<b>21</b>
3.1. Frávísanir .....	21
3.2. Brottvísanir .....	21
<b>4. VEGABRÉFSÁRITANIR.....</b>	<b>22</b>
<b>5. FERÐASKILRÍKI OG VEGABRÉF .....</b>	<b>25</b>
5.1. Vegabréf fyrir flóttamann.....	25
5.2. Vegabréf fyrir útlending .....	25
<b>6. SAMVINNA VIÐ ÍSLENSK OG ERLEND STJÓRNVÖLD OG FÉLAGASAMTÖK.....</b>	<b>26</b>
6.1. Innlent samstarf.....	26
6.2. Erlent samstarf.....	27

## I. Yfirlit yfir starfsemi ársins 2010

Í upphafi árs störfuðu 23 einstaklingar hjá stofnuninni, þar af sjö lögfræðingar<sup>1</sup>. Starfsemi ársins var með hefðbundnu sniði að teknu tilliti til hruns á fjármálamarkaði síðari hluta árs 2008. Áfram er gerð sú krafa á stofnunina að draga saman í rekstri eins og aðrar opinberar stofnanir. Ekki hefur komið til uppsagna starfsmanna en fjórir lögfræðingar hættu störfum á síðari hluta ársins og einn leyfafulltrúi, en ekki var ráðið í stöðu leyfafulltrúans. Mikil þekking tapaðist við brotthvarf fyrrgreindra starfsmanna og tekur tíma að ná fyrri þekkingarstigi upp og því má vænta að enn dragi úr málshraða á árinu 2011 og þá um leið að til komi frekari skerðing á þjónustu. Fyrir liggur að hagræðingarkrafa verður gerð fyrir fjárlagaárin 2011 og 2012. Nú þegar er fyrirbyggjandi að þjónusta stofnunarinnar er löngu komin yfir þolmörk og þeir sem fyrir því verða eru starfsmenn og viðskiptavinir. Næstu ár verða bæði starfsmönnum og viðskiptavinum erfið en enn eru þær væntingar gerðar til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins að farið verði í aðgerðir sem tryggja þjónustu og störf og að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunarinnar og því mikilvæga þjónustuhlutverki sem hún gegnir, þrátt fyrir þann gífurlegan niðurskurð í fjármálum sem áfram er boðaður.

### Þjónusta

Viðskiptavinir stofnunarinnar geta lagt fram umsóknir um dvalarleyfi hjá öllum sýslumönnum landsins og Útlendingastofnun<sup>2</sup>, mætt þar í myndatöku og lagt fram öll þau gögn og vottorð sem stofnunin óskar eftir. Er þetta mikið hagræði fyrir viðskiptavinum.

### Samstarf

Samstarf er við ýmsar stofnanir og félagasamtök og gengur það samstarf vel. Útlendingastofnun vinnur náið með dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, ríkislögreglustjóra, lögregluembættum, sýslumannsembættum, Rauða krossi Íslands og Mannréttindaskrifstofu, svo eitthvað sé nefnt. Þá vinnur stofnunin náið með erlendum útlendingastofnunum og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

### Rekstur

Rekstrarafgangur var rúmar 2 m.kr. á árinu og var hann nýttur til að greiða niður fjárlagahalla undanfarinna ára sem er verulegur eða tæpar 30 m.kr. Enn er ábyrgð framfærslukostnaðar hælisleitenda hluti af starfskyldum stofnunarinnar, framlag ríkisins á árinu var um 30 m.kr. en raunkostnaður var mun hærri eða 69 m.kr. Þá hefur enginn fjáruki fengist s.l. tvö ár. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir útgjöldum stofnunarinnar á árinu 2010 samanborið við fjárlagaárið 2009.

<sup>1</sup> Af sjö lögfræðingum voru tveir í fæðingarorlofi meiri hluta ársins og ekki ráðið í stað þeirra.

<sup>2</sup> Sýslumaðurinn í Reykjavík deilir starfsstöð með Útlendingastofnun og tekur því ekki á móti umsóknum um dvalarleyfi.

Tafla 1. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum (þús.kr. á verðlagi hvors árs) 2009 og 2010<sup>2</sup>

Tekjur		2009	2010	Breyting %
	Sértekjur		166.027	100
<b>Gjöld</b>				
	Dagvinna	88.673.320	83.467.775	-5,9
	Vaktaálag	4.649.272	5.484.996	18
	Aukagreiðslur	1.203.172	1.200.511	-0,2
	Yfirvinna	1.752.201	586.084	-66,5
	Launatengd gjöld	20.345.732	21.609.281	6,2
		116.623.697	112.159.109	
Annar rekstrarkostnaður:				
	Ferðir og fundir	1.142.502	1.282.929	12,3
	Rekstrarvörur	1.054.118	1.179.388	11,9
	Aðkeypt þjónusta <sup>3</sup>	22.225.945	22.712.851	2,1
	Húsnæði	12.330.759	14.591.430	18,3
	Umönnunarkostnaður <sup>4</sup>	71.079.925	69.080.756	-2,8
	Tilfærslur	240.470	71.000	-70,5
	Eignakaup	44.990	1.000.250	223
		108.118.709	107.400.676	-0,7
		224.742.406	219.583.296	-2,3
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag		-224.742.406	219.583.296	-2,3
Ríkisframlag		213.200.000	221.700.000	4
7,1Gjöld umfram tekjur		-11.542.406	2.116.704	
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ				
Staða í ársbyrjun		-18.193.473	<u>-29.735.879</u>	
Tekjujöfnuður ársins		-11.542.406	<u>2.116.704</u>	
Höfuðstóll í árslok		-29.735.879	<u>-27.619.175</u>	

<sup>2</sup> Raunkostnaður.

<sup>3</sup> Verulegur hluti þessa kostnaðar er vegna túlkaþjónustu fyrir hælisleitendur og viðskiptavini stofnunarinnar.

<sup>4</sup> Kostnaður vegna framfærslu og húsnæðis hælisleitenda o.fl. því tengdu.




## Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi Útlendingastofnunar er sem fyrr; 1. Dvalarleyfi, 2. Hæli, 3. Frávísanir og brottvísanir, 4. Vegabréfsáritanir, 5. Ferðaskilríki og vegabréf fyrir útlendinga og 6. Samvinna við íslensk og erlend stjórnvöld og félagasamtök. Verður gerð stuttlega grein fyrir hverju og einu sviði hér á eftir.

### 1. Dvalarleyfi

#### 1.1. Móttaka og veiting dvalarleyfis


Útlendingastofnun gaf út 3421 dvalarleyfi á árinu (mynd 1) en stofnunin tók á móti 3625 umsóknum um dvalarleyfi. Aukning um 5,4% varð í útgáfu leyfa milli árana 2009 og 2010.




Mynd 1: Útgefin dvalarleyfi frá 1990.

#### 1.2. Helstu flokkar dvalarleyfa

Af þeim 3421 dvalarleyfi sem Útlendingastofnun gaf út á árinu var þriðjungur þeirra til aðstandenda íslenskra ríkisborgara, eða 1097 dvalarleyfi (mynd 2). Á mynd 3 má sjá ríkisborgara þeirra 10 ríkja sem fengu útgefin flest dvalarleyfi 2010.




Mynd 2. Útgefin dvalarleyfi 2010 eftir tegundum.



Mynd 3. Tíu helstu þjóðerni sem fengu útgefin dvalarleyfi 2010.


Útgefin dvalarleyfi á grundvelli tímabundinnar atvinnuþátttöku til einstaklinga með ríkisfang utan EES-eða EFTA voru 640 (sjá mynd 4).






Mynd 4. Útgefin dvalarleyfi vegna tímabundinnar atvinnuþátttöku 2003-2010.

Á árinu gaf Útlendingastofnun út 1850 dvalarleyfi til aðstandenda erlendra og íslenskra ríkisborgara sem hér eru búsettir (myndir 5 og 6). Er fjöldi þessara leyfa 54% af heildarfjölda útgefinna leyfa. Hlutfall útgefinna dvalarleyfa vegna fjölskyldusameiningar er svipað og frá árinu 2009. Stöðug aukning var á útgáfu leyfa í þessum flokki árin 2007-2009 en árið 2007 var hlutfall aðstandenda 16% og árið 2008 23%.



Mynd 5. Skipting útgefinna dvalarleyfa eftir tilgangi dvalar 2010.




Mynd 6. Skipting útgefinna dvalarleyfa vegna fjölskyldusameiningar 2010.

### 1.3. Synjun dvalarleyfis


Útlendingastofnun synjar um veitingu dvalarleyfis m.a. ef ekki er fullnægt þeim lagaskilyrðum sem fram koma í lögum nr. 96/2002 um útlendinga. Á hverju ári er þó nokkur fjöldi umsókna sem ekki fullnægir lagaskilyrðum og árið 2010 voru þetta 139 umsóknir, en samtals var 238 umsóknum synjað (mynd 7).

Þegar skoðaðar eru synjanir dvalarleyfa út frá tilgangi dvalar liggur fyrir að flestar synjanir byggðust á að umsóknir og fylgigögn fullnægðu ekki lagaskilyrðum (mynd 8), en það er breyting frá fyrri árum þegar stærsti synjunarflokkurinn var vegna umsókna um dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku. Á árinu 2010 var 54 umsækjendum synjað um dvalarleyfi vegna synjunar Vinnumálastofnunar á útgáfu atvinnuleyfis, en 178 umsækjendum var synjað á árinu 2009.






Mynd 7. Flokkar dvalarleyfa og fjöldi synjana 2010.



Mynd 8. Helstu forsendur synjana dvalarleyfa 2010.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu bárust 51 kæra vegna synjunar Útlendingastofnunar á útgáfu dvalarleyfis. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið staðfesti ákvörðun Útlendingastofnunar á árinu 2010 um synjun dvalarleyfis í 32 málum, fjórum kærnum var vísað frá, 22 synjunum var hnekkt og 15 vísað aftur til meðferðar (mynd 9).




Mynd 9. Kærðar synjanir dvalarleyfa 2010; fjöldi afgreiddra kærnumála í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu.

#### 1.4. Afturköllun dvalarleyfis


Útlendingastofnun afturkallar dvalarleyfi og búsetuleyfi ef handhafi leyfis hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ef ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða búsetuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnslureglum. Á árinu 2010 voru 20 dvalarleyfi afturkölluð (mynd 10), en það eru töluvert færri afturkallanir en frá fyrri árum (mynd 12). Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því, hverju umrædd fækkun sæti, en í ljósi þess að á árinu 2009 var blásið til samstarfs með Þjóðskrá, Vinnumálastofnun og Ríkisskattstjóra sem leiddi til aukningar í afturköllun útgefinna leyfa, má ætla að fyrrgreinda fækkun verði að rekja til gífurlegs niðurskurðar hjá stofnuninni undanfarin ár og því að höfuðáhersla er nú lögð á útgáfu leyfa, en ekki synjanir og afturkallanir sem mæta þá afgangi.




Mjög misjafnt er milli ára hvers eðlis þau dvalarleyfi eru sem stofnunin afturkallar (mynd 11).



Mynd 10. Flokkar afturkallaðra dvalarleyfa 2010.



Mynd 11. Ástæður afturköllunar dvalarleyfa 2010.



Mynd 12. Afturkölluð dvalarleyfi 2006-2010.

### 1.5. Lagabreytingar

Á árinu 2010 voru fjögur lagafrumvörp samþykkt á Alþingi sem höfðu áhrif á verklag og starfsemi Útlendingastofnunar. Fyrst ber að nefna lög nr. 65/2010 um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög) en með þessum lagabreytingum hvarf úr lögum nr. 96/2002 um útlendinga aðgreining á hjúskap og staðfestri samvist. Næst ber að nefna lög nr. 114/2010 um breyting á lögum um útlendinga en þau lög veittu m.a. ráðherra heimild til að setja reglugerð um samvinnu á ytri landamærum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Mikilvægasta breytingin fyrir Útlendingastofnun og hennar viðskiptavinum voru breytingar á framfærsluskilyrðum vegna umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi. Þær breytingar fólu í sér að greiðslur sem maki erlends ríkisborgara þiggur frá Tryggingastofnun koma ekki lengur í veg fyrir útgáfu dvalarleyfis eða búsetuleyfis, eins og verið hafði áður. Þá voru samþykkt lög nr. 115/2010 um breyting á lögum um útlendinga sem snéru að þeim kafla laganna er fjallar um hæli og verður gerð grein fyrir þeim lagabreytingum í kafla 2.5. Að lokum voru samþykkt lög nr. 116/2010 um breyting á lögum um útlendinga sem fólu í sér að bætt var við lögum tveimur nýjum dvalarleyfisflokkum fyrir fórnarlömb mansals. Annars vegar er um að ræða dvalarleyfi sem veitt er til sex mánaða samkvæmt umsókn, að fenginni umsögn lögreglu, til einstaklings sem telst vera hugsanlegt fórnarlömb mansals (12. gr. h. laga nr. 96/2002 um útlendinga) og hins vegar endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs til sömu einstaklinga þrátt fyrir að almennum dvalarleyfisflokkum sé ekki fullnægt. Lagafrumvarpið var samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu í tilefni af fyrirhugaðri fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005, samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samnings) frá 15. nóvember 2000 og bókunar við þann samning frá sama tíma um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn (Palermó-bókunar). Sú fullgilding var í samræmi við aðgerðaáætlun



Íslenskra stjórnvalda gegn mansali, sbr. skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra um aðgerðaáætlun gegn mansali sem lögð var fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi, þskj. 754.

## 2. Hæli

Að meginstefnu má segja að umsóknir um hæli falli í tvo flokka. Annars vegar eru það umsóknir sem falla undir ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar<sup>5</sup> og hins vegar umsóknir sem teknar eru til efnislegrar meðferðar. Þegar umsókn um hæli er lögð fram er fyrst kannað hvort umsóknin falli undir ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar, en það felur í sér að annað aðildarríki þeirrar reglugerðar beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli. Er umsækjandi þá endursendur til þess aðildarríkis og ekki tekin afstaða til þess hvort viðkomandi teljist flóttamaður í skilningi Íslenskra laga. Sé niðurstaðan hins vegar sú að Ísland beri ábyrgð á meðferð umsóknarinnar er hún tekin til efnismeðferðar hjá Útlendingastofnun sem felur í sér að tekin er efnisleg afstaða til þess hvort umsækjandi sé flóttamaður. Verði niðurstaða Útlendingastofnunar sú að umsækjandi eigi ekki rétt á að teljast flóttamaður tekur stofnunin til skoðunar hvort hann eigi rétt á dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, en þar undir geta fallið einstaklingar sem þurfa á annars konar vernd að halda eða persónulegir hagir þeirra eru með þeim hætti að rétt sé að veita þeim dvalarleyfi.


Útlendingastofnun vinnur náið með ýmsum opinberum aðilum sem eiga aðkomu að málefnum hælisleitenda og má þar nefna lögreglu og félagsþjónustu. Umsóknir um hæli eru bornar fram hjá lögreglu sem jafnframt annast fyrstu skýrslutöku og rannsókn. Hælisleitendum er boðið að dveljast hér á landi á framfæri Útlendingastofnunar og er stofnunin með samning við félagsþjónustu Reykjanesbæjar sem annast hælisleitendur á meðan á vinnslu máls þeirra stendur. Þá á Útlendingastofnun einnig mikið og gott samstarf við Rauða kross Íslands sem sinnir málefnum hælisleitenda og flóttamanna hér á landi í samstarfi við flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).

### 2.1. Fjöldi umsókna um hæli og umsóknir í vinnslu


Útlendingastofnun móttók 51 umsókn um hæli á árinu en það eru töluvert fleiri umsóknir en árið 2009 (mynd 13). Jafnframt voru níu umsóknir enn í vinnslu frá árinu 2009 og fimm umsóknir frá árinu 2008. Samtals voru 67 umsóknir um hæli í vinnslu hjá stofnuninni á árinu 2010 (mynd 14).

---

<sup>5</sup> Reglugerð ráðsins nr. 343/2003/EB um það hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja hennar (Dyflinnarreglugerðin, Stj.tíð. C 14/2003). Ísland gerðist aðili að Dyflinnarsamstarfinu með samningi milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkis Noregs frá 19. janúar 2001, um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi, öðlaðist gildi 1. apríl 2001 (Stj.tíð. C 3/2001).



Mynd 13. Mótteknar umsóknir um hæli 2007-2010.




Mynd 14. Umsóknir um hæli til vinnslu hjá Útlendingastofnun 2010.

## 2.2. Upprunaríki hælisleitenda

Á mynd 15 má sjá hvaðan hælisleitendur komu. Samkvæmt framburði hvers og eins komu þeir frá 23 upprunaríkjum, en með því er átt við það ríki sem viðkomandi gefur yfirvöldum upp sem

sitt heimaríki. Í mörgum tilvikum er ekki unnt að sannreyna ríkisfang viðkomandi hælisleitanda og þá gerist það einnig að hælisleitandi breyti framburði sínum varðandi upprunaríki.




Mynd 15. Upprunaríki þeirra sem sóttu um hæli 2010.

### 2.3. Niðurstöður mála í vinnslu árið 2010

Umsókn um hæli hjá Útlendingastofnun getur lokið á nokkra mismunandi vegu. Þannig getur máli lokið með því að tekin er ákvörðun á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar eða með því að umsókn er afgreidd með efnislegri ákvörðun. Ef ákvörðun er efnisleg getur henni lokið með því að viðkomandi fær hæli, dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða með því að viðkomandi er synjað og honum gert að yfirgefa Ísland. Á hverju ári er ávallt nokkur fjöldi hælisleitanda sem dregur umsókn sína til baka eða lætur sig hverfa á meðan umsókn er til meðferðar. Á mynd 16 má sjá hvernig mál voru afgreidd. Stofnunin afgreiddi 34 umsóknir með ákvörðun en af þeim fengu 25 mál efnismeðferð og níu mál voru afgreidd á grundvelli Dyflinnarreglugerðar. Í árslok voru 22 mál enn til vinnslu hjá stofnuninni en 11 umsækjendur hurfu eða drógu umsókn sína til baka.





Mynd 16. Niðurstöður umsókna um hæli 2010.

#### 2.4. Kærur til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis

Kærur til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis vegna ákvarðana um umsóknir um hæli voru 19. Ráðuneytið úrskurðaði í 11 málum, þar af var niðurstaða Útlendingastofnunar staðfest í níu málum. Tveimur synjunum var hnekkkt og vísað aftur til meðferðar hjá Útlendingastofnun. Að auki dró einn aðili kæru sína til baka. Samtals lauk því 12 málum hjá ráðuneytinu árið 2010.


#### 2.5. Lagabreytingar

Með lögum nr. 115/2010 voru gerðar viðamiklar breytingar á þeim ákvæðum laga um útlendinga sem varða umsóknir um hæli og meðferð þeirra en einnig var bætt við ákvæðum um réttindi hælisleitenda og kveðið á um réttindi þeirra sem fá viðurkennda stöðu sína sem flóttamenn á Íslandi. Meðal stærstu breytinga má nefna að þeir sem áður áttu rétt á dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða vegna svokallaðrar viðbótarverndar eiga nú rétt á stöðu flóttamanns. Þá var hælisleitendum tryggður réttur til viðtals hjá Útlendingastofnun ásamt talsmanni og starfsmönnum Útlendingastofnunar gert skylt að vera viðstaddir skýrslutökur hjá lögreglu yfir hælisleitendum. Útlendingastofnun bendir á að hægt er að kynna sér frumvarpið nánar á vef Alþingis ([www.albingi.is](http://www.albingi.is))

### 3. Frávísanir og brottvísanir

#### 3.1. Frávísanir

Útlendingastofnun er heimilt að vísa erlendum ríkisborgara frá Íslandi ef hann fullnægir ekki þeim komuskilyrðum sem eru í útlendingalögum. Á árinu var níu erlendum ríkisborgurum vísað frá landi<sup>6</sup>, sem er töluvert minna heldur en á árinu 2009 en þá varð veruleg aukning í frávísunum (mynd 17). Flestar ástæður frávísunar varða brot á útlendingalögum.




Mynd 17. Frávísun 2006-2010.


#### 3.2. Brottvísanir

Á hverju ári vísar Útlendingastofnun nokkrum fjölda erlendra ríkisborgara brott af landinu. Á árinu 2010 voru þetta 53 erlendir einstaklingar. Ýmsar ástæður geta verið fyrir brottvísun en einna helst er forsendan sú að viðkomandi hefur framið afbrot og hlotið dóm (mynd 18). Þegar brottvísun er ákvörðuð fylgir henni endurkomubann, annað hvort í tiltekinn tíma eða að fullu og öllu. Lengd endurkomubanns ræðst af einstaklingsbundnum þáttum og því er mjög misjafnt hversu langt endurkomubann er ákvarðað. Þó er markaður sá lágmarkstími að ríkisborgarar sem tilheyra EES- eða EFTA ríki fá ekki styttra endurkomubann en tvö ár, aðrir fá ekki styttra endurkomubann en þrjú ár. Nokkur fjölgun hefur orðið í fjölda brottvísana frá því á síðasta ári (mynd 19).

<sup>6</sup> Heimild til frávísunar er hjá lögreglu og Útlendingastofnun. Þær tölur sem hér koma fram varða eingöngu ákvarðanir um frávísun sem teknar eru af stofnuninni.



Mynd 18. Ástæður brottvísana 2010.



Mynd 19. Fjöldi brottvísana 2006-2010.


#### 4. Vegabréfsáritanir

Ísland er aðili að Schengen samstarfinu og eru vegabréfsáritanir unnar eftir þeim reglum sem tilheyra því samstarfi. Flestir geta ferðast til Íslands án vegabréfsáritunar og dvalið hér í landinu í allt að þrjú mánuði sem ferðamenn. Þeir sem eru áritanaskyldir til Íslands geta sótt um vegabréfsáritun í sendiráði Íslands í Peking eða í sendiráðum/ræðisskrifstofum sem fara með fyrirsvar fyrir Íslands hönd í áritunarmálum. Í flestum tilfellum hafa sendiráðin og ræðisskrifstofurnar heimild til að veita áritanir án samráðs við Útlendingastofnun, en ef sendiráðin eru í vafa um t.d. trúverðugleika eða tilgang dvalar umsækjanda eru umsóknirnar




sendar til Útlendingastofnunar sem tekur ákvörðun um veitingu eða synjun vegabréfsáritunar. Áritanir eru mismunandi eftir tilgangi og eru ferðamannaáritanir veittar t.d. fyrir fjölskylduheimsóknir, viðskiptaheimsóknir, opinberar heimsóknir og til að ferðast (C- áritun), og er gerð sú krafa að einstaklingurinn snúi aftur til síns heimalands. Einnig eru til áritanir til gegnumferðar um flughöfn (A-áritun), en þær hafa ekki verið gefnar út fyrir Íslands hönd. Hætt var að gefa út B-áritanir 5. apríl 2010 við gildistöku Visa Code.


Árið 2010 bárust 678 umsóknir um áritun til Útlendingastofnunar og 634 sóttu um áritun hjá íslenska sendiráðinu í Peking (myndir 20 og 22). Útlendingastofnun samþykkti 514 umsóknir og sendiráðið í Peking gaf út 617 áritanir (myndir 21 og 22).



Mynd 20. Fjöldi umsókna um vegabréfsáritun hjá Útlendingastofnun 2010.




Mynd 21. Samþykktar vegabréfsáritanir hjá Útlendingastofnun 2010.



Mynd 22. Móttækna og útgefna vegabréfsáritanir hjá íslenska sendiráðinu í Peking 2010.

Útlendingastofnun synjaði 146 umsóknum um áritun á árinu 2010. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu bárust 18 kærur vegna synjunar Útlendingastofnunar um vegabréfsáritun. Á árinu 2010 staðfesti Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið ákvörðun Útlendingastofnunar um synjun á vegabréfsáritun í 14 málum, tveimur kærur var vísað frá, þremur synjunum var hnekk og tveimur vísað aftur til meðferðar (mynd 23).



Mynd 23. Kærðar synjanir áritana 2010; fjöldi afgreiddra kærumála í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu.

## 5. Ferðaskilríki og vegabréf


Útlendingastofnun gefur út ferðaskilríki fyrir flóttamann og vegabréf fyrir útlending. Heimild til útgáfu og skilyrði er að finna í lögum um útlendinga og reglugerð um útlendinga.

### 5.1. Ferðaskilríki fyrir flóttamann

Skilyrði þess að ferðaskilríki flóttamanns sé gefið út er að hælisleitandi sé viðurkenndur sem flóttamaður héraðs og hafi dvalarleyfi því til staðfestu. Flóttamaður sem hefur ferðaskilríki útgefið af Útlendingastofnun getur ferðast til allra ríkja Evrópusambandsins auk flestra annarra ríkja. Óheimilt er að ferðast til heimaríkis eða upprunaríkis á grundvelli ferðaskilríkisins og kemur það fram í skilríkinu sjálfu. Gefin voru út 29 skilríki fyrir flóttamann á árinu (mynd 24).

### 5.2. Vegabréf fyrir útlending

Útlendingur sem fær dvalarleyfi á grundvelli umsóknar um hæli (fullnægir ekki skilyrðum þess að fá veitt hæli) getur fengið vegabréf fyrir útlending ef hann sannar að hann getur ekki fengið útgefið vegabréf frá sínu heimaríki. Í undantekningartilvikum gefur Útlendingastofnun út vegabréf fyrir útlending sem dvelur hér löglega en getur ekki, vegna aðstæðna sem ekki varða hann sjálfan, fengið vegabréf frá sínu heimaríki. Óheimilt er að ferðast til heimaríkis eða upprunaríkis á grundvelli vegabréfs fyrir útlending nema ríkar sanngirnisástæður mæli með því. Gefin voru út 23 vegabréf fyrir útlending á árinu (mynd 24).



Mynd 24. Fjöldi útgefna vegabréfa útlendinga og ferðaskilríkja 2010.



## 6. Samvinna við íslensk og erlend stjórnvöld og félagasamtök

### 6.1. Innlent samstarf

Útlendingastofnun starfar náið með lögreglu landsins. Samstarfið er aðallega við embætti ríkislögreglustjóra, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, lögregluna á Suðurnesjum og lögregluna á Seyðisfirði. Útlendingastofnun situr í starfshóp með embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Suðurnesjum. Umboð starfshópsins kemur frá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu og er verkvið hópsins margþætt. Hópurinn hittist mánaðarlega. Samstarf við önnur lögregluembætti er minna en þó með góðu móti.

Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneytið (nú dómsmála- og mannréttindaráðuneytið) gerðu samning við Reykjanesbæ um umönnun hælisleitenda hinn 12. febrúar 2004. Samkvæmt samningnum sinnir félagsþjónusta Reykjanesbæjar umönnun hælisleitenda á grundvelli beiðni sem berst frá Útlendingastofnun, eftir að útlendingur hefur sótt um hæli hérlandis. Reykjanesbær sér um að útvega húsnæði, fæði, læknisaðstoð og afþreyingu en kostnaður vegna þessa er greiddur af Útlendingastofnun. Félagþjónusta Reykjanesbæjar ber ábyrgð á að húsnæði sé til staðar fyrir hælisleitendur og hefur gert samning um leigu á hluta rýmis gistiheimilisins Fitjar og þá gerir félagsþjónustan leigusamninga um íbúðir fyrir fjölskyldur þegar það á við. Útlendingastofnun og Rauði kross Íslands hafa eftirlitshlutverk með því að fyrrgreint húsnæði og aðbúnaður hælisleitenda sé viðunandi. Mjög gott samstarf er með Félagþjónustunni og Útlendingastofnun en á árinu voru haldnir mánaðarlegir fundir, þar sem farið var yfir þarfir hælisleitenda, stöðu þeirra og aðbúnað. Störf félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ er snúa að aðbúnaði og umönnun hælisleitenda eru til fyrirmyndar.

Rauði kross Íslands sinnir málsvarnarhlutverki f.h. hælisleitenda sem þess óska hvað varðar aðbúnað þeirra og veitta þjónustu ríkisins. Sinnir Rauði krossinn þessu hlutverki mjög vel. Rauði krossinn gerir árlega úttekt á því húsnæði sem hælisleitendur búa í, snýr sú úttekt bæði að aðbúnaði og öryggi hælisleitenda. Útlendingastofnun og Reykjanesbær fá niðurstöður úttektarinnar og er farið eftir þeim ábendingum sem þar koma fram um leið og færi gefst.

Útlendingastofnun vinnur einnig náið með Vinnumálastofnun, Þjóðskrá og Skýrr og eru samskipti tíð. Þá vinnur stofnunin með ráðuneytum, undirstofnunum ráðuneyta, sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum.

Útlendingastofnun þakkar öllum ofangreindum aðilum auk Mannréttindaskrifstofu Íslands gott samstarf.

## 6.2. Erlent samstarf

Útlendingastofnun tekur þátt í norrænu samstarfi vegna málefna útlendinga. Hér er aðallega um að ræða samvinnu útlendingastofnana á Norðurlöndunum í formi árlegra funda forstjóra þessara stofnana og nefndavinnu sömu aðila vegna einstakra málaflokka. Einn fundur forstjóra var haldinn í Reykjavík á árinu, átti hann upphaflega að vera í maí en vegna eldgoss í Eyjafjallajökli var honum frestað til desember 2010. Sökum þessa voru ekki haldnir tveir fundir eins og venja er. Hvert Norðurlandanna heldur einn fund annað til þriðja hvert ár.

Fulltrúi Útlendingastofnunar fundar árlega með fulltrúum Norðurlandanna vegna fyrirsvars sendiráða þeirra fyrir hönd Íslands í útgáfu vegabréfsáritana til Íslands. Hvert Norðurlandanna heldur einn fund annað til þriðja hvert ár.

Útlendingastofnun tekur þátt í samvinnu ráðuneyta og undirstofnana á Norðurlöndunum í formi árlegra funda. Hvert Norðurlandanna heldur einn fund annað til þriðja hvert ár. Enginn fundur var sóttur.

Stofnunin tekur þátt í Evrópusamstarfi forstjóra útlendingastofnana í Evrópusambandinu (GDISC<sup>7</sup>). Þátttakan fer fram með fundasókn á aðalfund forstjóra útlendingastofnana Evrópusambandsins, umsóknarríkja sambandsins, Íslands, Noregs og Sviss. Fundirnir eru ætlaðir til að efla samvinnu systurstofnana vegna hælismála og vegna erlendra ríkisborgara sem búsett eru í Evrópuríkjum. Enginn fundur var sóttur.

Útlendingastofnun starfar með Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sem hefur skrifstofu í Stokkhólmi. Fulltrúi þeirrar skrifstofu kemur reglulega í heimsókn til Íslands. Fulltrúi Flóttamannastofnunar heimsótti Útlendingastofnun í september 2010 og þá bauð Flóttamannastofnun forstjóra Útlendingastofnunar til Stokkhólms til minningar um að 60 ár verða liðin á árinu 2011 frá stofnun hennar.

Útlendingastofnun ber ábyrgð á ýmsum nefndum tengdum Schengen samstarfinu, bæði nefndum vegna vegabréfsáritana, dvalarleyfa og hælisleitenda og nefndum tengdum lagasetningu vegna sömu málaflokka. Engir fundir eru sóttir vegna þessara nefnda utan þess að fulltrúi stofnunarinnar mætir á einn til tvo fundi vegna vegabréfsáritana ár hvert, í því skyni að glata ekki tengslum við nefndina, en fundir eru haldnir mánaðarlega í Brussel. Fundasókn er ákveðin í samráði við Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið sem samþykkir og greiðir kostnað vegna þessara funda.

---

<sup>7</sup> General Director's Immigration Services Conference, [www.gdisc.org](http://www.gdisc.org).